

Markaðshringurinn í hnotskurn

Bókarhöfundur: **Bórður Sverrisson**, ráðgjafi

Bókarheiti: **Forskot**

Gagnrýnandi: **Pétur Berg Matthíasson**, stjórn mála- og stjórnsýslufræðingur

Útgáfa: **Sögur útgáfa, Reykjavík 2013, 394 bls.**

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Sú aðferðafræði sem kynnt er til leiks í bókinni, markaðshringurinn, er fyrst og fremst tæki fyrir fyrirtæki en þó má finna atriði sem eiga jafnframt við opinbera geirann.“

Bókin er fallega uppsett, skemmtileg og fræðandi. Bókin er miklu meira en uppflettirit þó hún geti nýst sem slík þar sem ábendingar, ráðleggingar, varnaðarorð, líkön og fleira má nýta við dagleg störf. Dæmi og sögur sem finna má í bókinni glæða efnislega umfjöllun lífi. Sum þeirra munu seint gleymast, s.s. um Nordstrom skóverslunina.

Skipulag bókarinnar er mjög gott. Byrjað er á tveimur kjarnaköflum um stjórnun og stefnumótun og svo er farið í hvern þátt markaðshringins. Eitt leiðir af öðru þannig ákveðnar skynsemi gætur í skipulaginu. Byrjað er á greiningu og svo farið út í framkvæmdina. Í lokin er kafli um hvernig draga megi þetta saman í aðgerðaáætlun og hvernig meta megi hvort að árangur hafi náðst.

Sú aðferðafræði sem kynnt er til leiks í bókinni, markaðshringurinn, er fyrst og fremst tæki fyrir fyrirtæki en þó má finna atriði sem eiga jafnframt við um opinbera geirann. Kjarninn í markaðshringnum, stefna og framtíðarsýn, og skipulag og stjórnun eru þeir kaflar sem einna helst höfða til bæði fyrirtækja og stofnana. Í þessum köflum er verið að tengja hugtök markaðarins við hugtök notuð í opinberri stefnumótun.

Þau atriði sem fram koma um notkun og merkingu hugtaka er mjög þörf enda skiptir miklu máli að hugtakanotkun sé rétt og að sameiginlegur skilningur sé á lykilhugtökum í stefnumótunarferlinu. Nefnir höfundur m.a. hugtakið *strategy* sem alla jafnan er þýtt sem stefna í einkageiranum. Í opinbera geiranum er bæði stuðst við hugtökin *strategy* og *policy*, en merking þeirra er ólík þó bæði kallist stefna á íslensku. *Policy* er hins vegar ekki notað með sama hætti í fyrirtækjarekstri.



Það sem einna helst má finna að bókinni varðar uppsetningu og aðgengi kaflanna fremur en efnislegt innihald. Í upphafi hvers kafla eru tekin saman meginatriðin sem passa ekki alltaf við undirkaflaheitin í sjálfum kaflanum. Notkun hástafa og lágstafa í undirkaflaheitum auk mismunandi lita geta ruglað lesandann. Það hefði ef til vill verið betra að hafa númeruð undirkaflaheiti í bókinni og í efnisyfirliti. Notendur myndu fyrir vikið geta nýtt sér bókina betur sem uppfletirit eða stuðningsrit.

Bókin er fyrst og fremst ætluð stjórnendum og millistjórnendum í fyrirtækjum. Hún er uppfull af fróðleik og leiðum til að ná forskoti á keppinauta sína. Sú vinna sem leggja þarf í er ekki á færi allra og gætu sumir talið að markaðshringurinn falli betur að millistórum eða stærri fyrirtækjum sem hafa auðlindir eða þekkingu til að framkvæma það sem höfundur leggur upp með.

Höfundur kemur miklu á framfæri í hverjum kafla en það kemur fyrir lesandi vilji dýpri efnislegri umfjöllun um tiltekin atriði til að skýra betur nálgun og notkun aðferða. Það hefði mátt vera með ítarlegri umfjöllun um gerð markmiða en þau hafa reynst mörgum óþægur ljár í þúfu enda gerist það æ oftast að menn skilji ekki eðli markmiða eða mælikvarða. Kaflinn um skipulag og stjórnun undirstrikar mikilvægi þess að við stefnumótun sé ekki aðeins horft á hvað þarf að gera í starfseminni til að ná árangri, heldur einnig hvort breyta þurfi skipulagi til að ná samkeppnisforskoti o.s.frv.

Umfjöllun höfundar í bókinni um markhópa er ítarleg. Mikilvægi markhópa kemur vel fram enda forsenda þess að ná árangri í rekstri er að skilja þarfir þeirra. Hér gæti opinberi geirinn nýtt sér aðferðir einkageirans betur, þ.e. að skilja betur þarfir viðskiptavina. Þó tilgangurinn kunni að vera mismunandi milli geira þá er meginhugsunin sú sama, að mæta þörfum notenda þjónustu eða kaupenda.

Það liggur mikil vinna að baki þessari bók sem hefði allt eins geta kallast Markaðshringurinn. Höfundur tekur vel til að samþætta reynslu sína og þekkingu á viðfangsefninu við fræðilegar rannsóknir og bestu aðferðirnar í faginu. Segja má að markmið höfundar um að koma frá sér bók sem sé áhugaverð, ánægjuleg og gagnleg lesning hafi náðst að mestu leyti.